



Leikskólinn Holtakot



Skýrsla vegna umsóknar um Grænfánann.

Ragnhildur Skúladóttir leikskólastjóri.

Efnisyfirlit.

1. Inngangur.
2. Upphaf umhverfisvinnu á Holtakoti.
3. Skrefin sjö.
 - 3.1. Umhverfisnefnd Holtakots
 - 3.2. Mat á umhverfismálum
 - 3.3. Mat á stöðu umhverfismála
 - 3.4. Eftirlit og endurmat
 - 3.5. Fræðsla
 - 3.6. Kynning á stefnunni
 - 3.7. Umhverfissáttmáli Holtakots
4. Samantekt.
5. Fylgiskjöl.

1. Inngangur.

Leikskólinn Holtakot á Álftanesi er fjögurra deilda leikskóli og annar leikskóli bæjarfélagsins. Á Holtakoti eru 80 nemendur á aldrinum 18. mánaða til 6 ára. Starfsmenn eru 20 talsins í 19.24 stöðugildum auk ræstitækna.

Við vonumst til að þátttaka okkar í að vera skóli á grænni grein verði til þess að börnin læri hvað við þurfum að gera fyrir jörðina okkar sem leiði af sér betri framtíð komandi kynslóða.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir því, á hvern hátt við fetum skrefin sjö í átt að Grænfánanum. Við höfum flokkað endurnýtanlegt efni frá opnun skólans og er það fyrsta skrefið sem við stígum. Nú viljum við færa okkur skrefi lengra og öðlast Grænfánann.

Við fengum starfsmann Landverndar til þess að fara yfir þá þætti með okkur til þarfagreiningar á umhverfismennt og skrefunum sjö. Okkar grunnmarkmið eru heilbrigðir lífshættir í breiðu samhengi.

Á þessum tímapunkti er ekki jarðvegsgerð í skólanum, er það vegna þess að jarðvegskipta þarf í matjurtagörðum sem ekki er á döfinni á næstunni svo við vitum til. Það þarf utanaðkomandi tæki til þeirra vinnu.

2.Upphaf umhverfisvinnu á Holtakoti.

Leikskólinn Holtakot vinnur sem skólastofnun í náinni samvinnu við Álftanesskóla og Náttúruleikskólann Krakkakot að sameiginlegum, og sértækum umhverfisverkefnum. Þau miða meðal annars að því að gera skólastofnanir byggðafélagsins samhæfðari í umhverfismennt og verndun sameiginlegs skólasvæðis. Sem þróunarvinnu ber fyrst að nefna umhverfisverkefnið "Frá gráma til gleði", sem unnið var 2008 og 2009. Sameiginlegt skólasvæði var hannað af nemendum skólanna í sameiningu með hugtakið "Sjálfbær þróun" sem yfirhugtak.

Skýrsla verkefnisins hefur verið birt ásamt því að hún hefur verið kynnt á skólapingi Íslenskra sveitarfélaga í nóvember 2009.

Verkefnið er hluti af doktorsverkefni Kristínar Norðdahl, og skýrsla Holtakots um aðkomu að verkefninu hefur verið birt á heimasíðu skólans

www.leikskolinn.is/holtakot

Auk þess hafa verið haldin erindi á vegum leikskólakennarafélagsins um þróunarvinnuna. Leikskólinn hefur jafnframt frá opnun, unnið að samfélagslegri menntastefnu í sveitarfélaginu ásamt hinum skólunum. Það snýst í grundvallaratriðum um að gera einstaklinginn sjálfstæðan og ábyrgan í umhverfi sínu og gagnvart því. Þetta samstarfsverkefni hefur verið kynnt í ýmsu formi utan leikskóla, meðal annars á áður nefndu þingi. Það má að samanlögðu sjá að leikskólinn Holtakot hefur umhverfismennt að helsta leiðarljósi í formi sjálfbærrar þróunar hvað varðar námsskrá skólans.

3.Skrefin sjö.

Við teljum að þessi skref séu á þessum tímapunkti stigin að fullu hér á Holtakoti. Þar sem við höfum fylgt þeim ákveðið á öllum deildum skólans frá opnun með ýmsum hætti. Fyrst ber að nefna heilbrigða lífshætti, flokkun rusls og endurnýtingu þess í starfi.

3.1. Umhverfisnefnd Holtakots.

Umhverfisnefnd Holtakots er skipuð starfsmönnum skólans, börnum á elstu deild Holtakots og foreldri sem talsmann foreldra í foreldrafélaginu. Hlutverk nefndarinnar er að leiðbeina, skipuleggja og stýra verkefnum sem snúa að umhverfismálum. Fundir eru haldnir reglulega þar sem skráðar eru fundargerðir, stefnt er að funda annan hvern mánuð. Haft var í huga að einn á hverri deild væri í ráðinu. Þannig eru fjórir frá deildum, einn frá eldhúsi, einn frá ræstitæknum, einn fulltrúi foreldra, leikskólastjóri og verkefnastjóri sem einnig er aðstoðarleikskólastjóri.

Einnig hafa elstu börn leikskólans sitt umhverfisráð sem heldur sína umhverfisfundi á skólastundum ásamt leikskólastjóra og verkefnastjóra. Fundir eru áætlaðir einu sinni í mánuði. Þar ræðum við gildi þess sem við erum að gera, hvers vegna og komum með tillögur um það sem betur mætti fara í umhverfismennt í skólanum og í okkar nánasta umhverfi.

3.2. Mat á umhverfismálum.

Á umhverfisfundum hefur það komið í ljós að við ætlum að setja okkur umgengnisreglur til að vinna að. Nemendur elstu deildar leikskólans eru meðvitaðir um það sem fram fer innan umhverfismenntar eins og hún birtist í Holtakoti. Einnig hefur verið farið yfir gátlista frá Landvernd á fundum.

1. Skola fernur og skila í þar til gerða tunnu fyrir utan leikskólann, auk þess að fara í gönguferðir með fernur í þar til gerða gáma sem eru við Álfstanesskóla og á norður og suðurnesinu.

2. Spara pappír. Flokka pappír eftir áferð og endurvinnslu í þar til gerðar tunnur á deildum. Þeim sem eru óendurvinnanlegir fara í tunnur fyrir utan leikskólann sem áhaldahúsið tæmir svo. Einnig tætum við niður pappír til að búa til nýjan pappír og pappírsskálar meðal annars til að gefa foreldrum t.d. í jólagjafir.

3. Ekki henda rusli úti í náttúrunni. Læra að ganga vel um umhverfið okkar og virða eigur annarra og náttúruna.

4. Spara sápu bæði til handþvotta og ræstinga. Kaupa inn umhverfisvæna sápu og spara notkun hennar.

5. Vera fyrirmynd í umgengi fyrir aðra. Bæði innan dyra sem utan, ganga vel um húsnæði og eigur leikskólans. Nota handklæði þegar hægt er í staðinn fyrir bréfpurrkur þegar það er hægt. (svínaflensan).

6. Minnka orkunotkun með því til dæmis að slökkva ljós í ónotuðum rýmum.

7. Minnka úrgang. Við þurfum að minnka notkun á plastpokum og það gerum við með því að endurnýta morgunkornspoka undir blaut og óhrein föt. Flokkum sorpið vel og endurnýtum allt sem hægt er og setjum í endurvinnsluskápinn okkar á aðalangi leikskólans. Þar setja einnig matráðar og deildastjórar allt sem kemur frá þeim til endurnýtingar.

8. Nota morgunkornskassa fyrir aukaföt og undir teppi og kotta á yngstu deild.

Dæmi um það sem fram fer innan umhverfismenntunar á deildum:

Flokkun og endurvinnsla:

1. Kassar fyrir aukaföt hvers barns eru úr endurnýtanlegu efni. (Umbúðir af morgunkorni)
2. Auglýsingar til foreldra skrifað á tússtöflur í fataklefa.
3. Reglur á deildinni og kennsluefni er plastað til langtíma notkunar.
4. Mikið notað að endurunnu efni í listakrók.
5. Pokar undan morgunkorni og bleyjum endurnýttir undir það sem hent er og þarf að fara heim, eins og blaut föt og verk barna

Sameiginleg aðstaða:

1. Þvottapokar eru notaðir til að þvo börnum eftir matar- og kaffitíma..
2. Þvottastykki eru notuð til að þvo börnum eftir bleyjuskipti.
3. Handklæði eru notuð á snyrtingum. Breyttist tímabundið vegna svínaflensu.
4. Allt sem endurvinnanlegt er frá eldhúsi er sett í endurvinnsluskáp á gangi. Einungis vistvæn efni eru notuð til að þvo borðbúnað og áhöld. Inni í eldhúsi er einnig merktir kassar sem notað er til flokkunar sem eru:Plast, gler og ál. Þegar þeir fyllast tæma matráðar þessa kassa í þar til gerðar tunnur sem eru á skólalóðinni. Einnig eru kassar undir efni sem ekki er endurvinnanlegt eins og rafhlöður og perur.
5. Í undirbúningsherbergi eru kassar til flokkunar á pappír,
6. Á kaffistofu starfsfólks hafa starfsmenn aðgang að kaffivél og reyna starfsmenn að hafa eigin bolla til að spara uppvask.

3.3 Mat á stöðu umhverfismála.

Verkefnastjóri svaraði gátlista frá Landvernd og komu í ljós einhver atriði sem þurfti að skoða / laga. Gerðar voru áætlanir um það á hvern hátt það væri gert. Sjá meðfylgjandi eyðublöð.

3.4. Eftirlit og endurmat.

Umhverfissráð leikskólans sér um eftirlit og endurmat á stöðu mála innan leikskólans. Það er mjög mikilvægt að okkar mati að hafa fulltrúa í nefndinni frá hverri deild því það hefur meira aðhald og skilvirkari upplýsingaflæði í för með sér. Áætlað er að halda áfram að endurmeta stöðu mála reglulega og gera áætlanir um úrbætur ef þörf er á þeim.

3.5 Fræðsla.

Þær leiðir sem við ætlum að fara í þessum umhverfismálum er að fræða börnin jafnóðum um hvað við séum að gera og af hverju.

- Miðast sú fræðsla við aldur og þroska barnanna hverju sinni.
- Við notum svo fundi umhverfissráðsins og samverustundir til þess að fræða börnin um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu og vernda jörðina.
- Við notum einnig sögurnar um Sebastian kassamann og Fróðólf og Freyju.
- Við höldum alltaf upp á dag umhverfis sem er 25. apríl og týnum þá rusl af skólalóðinni okkar og nánasta umhverfi. Börnin eru orðin mjög meðvituð um þetta og týna mjög oft rusl óumbeðin þar sem þetta er orðin liður sem þau eru orðin meðvituð um. Þau læra hversu mikilvægt það sé að henda ekki rusli úti í náttúrunni.
- Hjálpa börnunum að skilja að umgengni okkar um jörðina skiptir máli upp á framtíðina.
- Nýta hugmyndir okkar og lausnir í nánasta umhverfi til að sporna gegn hnignun jarðar.
- Vera duglega að nýta reynslu okkar í verkefninu sjálfbær þróun til að stuðla að sjálfbærri þróun.
- Kynnast flokkun og endurvinnslu.
- Læra að nota það sem tilfellur frá leikskóla og heimilum til að skapa úr.
- Gera hluti úr pappamassa og einnig búa til okkar eigin pappír

3.6. Kynning á stefnunni.

Álftanes er sveitarfélag sem er á grænni grein og eru því allar stofnanir sveitarfélagsins að vinna umhverfismennt og því mikil samstaða og skilningur á því innan sveitarfélagsins. Einnig erum við byrjuð að setja inn upplýsingar á heimasíðu skólans þar sem við kynnum verkefnið út á við.

Stefnan er einnig kynnt í skólanámskránni sem verið er að vinna að og lítillega er farið yfir þetta í foreldra handbókinni okkar sem fólk fær þegar börnin hefja skólagöngu sína í leikskólanum. Auk þess stíklum við á stóru á kynningarfundum fyrir nýja foreldra um það sem unnið er að hverju sinni og dags daglega bæði hvað varðar umhverfismennt og endurvinnslu. Nýtt starfsfólk er sett inn í þetta þegar það byrjar. Umhverfissáttmálinn er bæði á heimasíðu skólans og á veggjum skólans fyrir allra augum.

3.7. Umhverfissáttmáli Holtakots.

Við gerð umhverfissáttmálans stóðum við þannig að því að umhverfisnefndin setti saman nokkra sáttmála og síðan var kosið um einn innan skólans.

Okkar umhverfissáttmáli hljómar svona:

„Leikskólinn Holtakot ætlar að leggja sitt af mörkum til jarðarinnar, það ætlum við að gera með því að tileinka okkur umhverfisvæna starfshætti og kenna börnunum að þekkja og virða umhverfi sitt og að barnið læri að taka ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Auk þess ætlum við að flokka rusl og endurnýta það sem tilfellur, nota umhverfisvæn efni og spara orku og vatn.

4. Samantekt.

Þátttaka í Grænfánaverkefninu er eðlilegt framhald að þeirri vinnu sem við höfum tileinkað okkur frá opnun leikskólans hvað varðar að endurnýta það sem tilfellur frá leikskólanum, aðallega frá innkaupum. Einnig er það búið að vera mikill fengur að hafa tekið þátt í þróunarverkefninu með Geta-hópnum frá Háskóla Íslands undir stjórn Kristínar Norðdahl sem gengur út á sjálfbæra þróun og vera með í þessu mikla og stóra verkefni að hanna og þróa skólalóð fyrir alla skólana þrjá í bæjarfélaginu.

Nú teljum við okkur vera á Grænni grein og erum tilbúin að stíga næsta skref sem er að flagga Grænfánanum. Við teljum okkur vera búin að uppfylla þau skilyrði sem þarf til að sækja megi um Grænfána.

Við vitum að við erum að takast á við eilífðar verkefni, sem felst í því að vinna að umhverfisvernd og erum stolt af því að leggja okkar hönd á plóginn við að gera heiminn okkar betri.

Næsta skref okkar eftir að við náum að flaggað grænfána í fyrsta skipti verður að vinna markvisst með lýðheilsu.

6. Fylgiskjöl.

Deildin Hlið.

Miðvikudagurinn 21. Október 2009.

Börn og starfsfólk á Hliði flokkuðu pappír og fernur í dag. Í daglega starfinu söfnum við pappír og umbúðum í þar til gerða kassa og nú þurftum við að tæma úr þeim og flokka í poka. Í útiverunni í morgun fengum við okkur göngutúr með það sem við vorum búin að flokka saman. Við skiptum því í poka til að bera í og gengum með þá að endurvinnslugámum Álftanesskóla. Húsvörður Álftanesskóla kom og opnaði fyrir okkur gáminn þar sem pappírinn og fernurnar máttu fara í. Pokann með pappírnum tæmdum við í gáminn, en fernurnar fóru í pokunum ofan í gáminn. Á leiðinni heim tíndum við óendurvinnanlegt rusl í pokann sem kom undan pappírnum og hentum því í ruslagáma við leikskólann.

Agga, Guðný, Margrét, Kristbjörg og Sigga.

Hljóðfæragerð í september.

Um miðjan september var stofnuð hljómsveit á Hliði. Börnin fengu að velja sér lag til að flytja á tónleikum. Þar á eftir fékk hvert og eitt barn að velja sér hljóðfæri til að spila á í hljómsveitinni.

Gítarar voru útbúnir úr umbúðum af morgunkorni. Hljóðnemar voru búnir til eldhúsrúllum og eggjabökkum. Trommurnar voru búnar til úr rúsínudunkum, og hristurnar úr háflslítra plastflöskum sem í var sett mismunandi magni af sandi og steinum. Hvert barn skreytti síðan sitt hljóðfæri að vild af einstakri snilld. Foreldrum var síðan boðið á tónleika hjá börnunum þar sem lagið Bahama með Veðurguðunum var flutt við mikinn fögnuð foreldra og starfsmanna.

Agga, Guðný, Margrét, Kristbjörg og Sigga.

Hlið - okt 2010.

Samvera :

Öll deildin sest saman í samveru. Fyrsta spurningin er „krakkar eruð þið að endurvinnna heima með mömmu og pabba“? Það var lítið um svör svo næsta spurning var „Hvað er endurvinnsla“? Þau voru ekki alveg viss fyrir en við sögðum að það væri að skolafernur og skila þeim , nota Cheerios pakka aftur. Þá föttuðu þau hvað verið var um að ræða. Umræðan var mikill. Þau höfðu farið í Sorpu með foreldrum að henda spýtum, drasli úr bílnum o.s.frv. Við ræddum um hvernig á að flokka rusl. Svo fóru allir í göngu þar sem farið var með fernur og blöð / pappa í endurvinnslugám við grunnskólann.

Föndur:

Börnin eru að gera hljóðfæri. Því þau ætla að syngja og spila fyrir foreldra á opnu húsi í nóvember. Þau gera gítar og bassa úr Cheerios pökkum, hristur úr $\frac{1}{2}$ lítra gosflöskum, míkrofón úr eldhúsrúllum og eggjabökkum, og svo trommur úr sultufötum (plastfötur).

Deildin Seyla.

7. oktober 2009.

Í morgun fórum við á Seyla að tína laufblöð á skólalóðinni. Við þurrkuðum þau svo, og geymum þau í gömlum kryddboxum svo við getum seinna fönðað úr þeim.

Börnin rifu eina bók, sem ekki var hægt að gera við, og var því farið með hana í endurvinnslutunnuna.

Anna, Erna, Hrönn og Kristín Jóna.

19. október 2009.

Einn starfsmaður á Seyla klippti niður gömul plöstuð blöð sem hætt var að nota, og setti í kryddbox.

Einnig safnaði hún saman álboxum undan sprittkertum og setti í föndurhornið.

Anna, Erna, Hrönn og Kristín Jóna.

Seyla - 2010- börn fædd 2007 og 2008.

22. sept Týndum laufblöð í garðinum til að þurrka.

24.sept Límdu laufblöð á afgangskarton.

28.sept Vatnslituðum á bakhliðar á morgunkornkössum.

29.sept. Vatnslituðum á bakhliðar á morgunkornkössum.

5. og 6. Okt

Skoluðum fernur og brutum saman. Komum svo fyrir í pokum og settum í endurvinnslutunnu fyrir utan leikskólann okkar.

13.okt Fundum ný lög fyrir vinastund sem er einu sinni í viku í sal skólans, þar sem allir koma saman og syngja. Skrifuðum niður í 4 eintökum á niðurklipptan morgunkornspakka og dreifðum á allar deildir.

Deildin Tröð

Fjörufarð - ruslatísla



Einn fagran ágústdag var ákveðið að skella sér gangandi í fjörufarð, enda fjaran rétt hjá okkur. Þegar við vorum lögð af stað sáum við að mikið var af rusli var út um allt á göngustígnum, svo við náðum í nokkra morgunkornspoka og settum ruslið í þá. Þeir eru nefnilega mjög góðir til þess. Þegar við komum í fjöruna blasti ófögur sjón við okkur þar. Þar lá hræ af dauðum sel, við ræddum dauðann. Ákveðið var að taka ekki mynd af honum, því það var frekar sorglegt að sjá hann þarna hauslausan. Því var Pétur Örn sendur til baka í leikskólann að sækja skóflu til að jarða selinn. Héldum við stutta athöfn í kring um það. Þegar jarðarförinni var lokið slógum við á léttari strengi og köstuðum steinum í sjóinn. Eftir það settumst við niður og fengum okkur fjörusafa og krabbakex í fyrirmyndarveðri. Síðan lögðum við af stað heim á leið, glöð í sinni og reynslunni ríkari.

Berglind, Guðný, Pétur Örn og Sæa.

Hestaferð - gefa brauð afganga.

Við byrjuðum ferðina með því að fara í eldhúsið til hennar Rannveigar og fá hjá henni brauðafganga af brauðinu sem hún bakar á hverjum degi, til þess að gefa hestunum. Þá var lagt af stað til að heimsækja hestana. Börnin gáfu hestunum brauð, og voru frædd um það að hestakúkurinn væri notaður sem áburður á grasið svo



Það myndi vaxa hraðar. Þá fær hestamaðurinn meira gras til að gefa hestinum. Þegar við vorum búin að gefa hestunum og um hann, var lagt af stað heim á leið. Við týndum nokkur blóm til að þurrka til föndurs á jógúrtdósir og morgunkornskassa. Öllum fannst þessi ferð vera skemmtileg og voru ánægðir við heimkomu.

Berglind, Guðný, Pétur Örn og Sæa.

Vikan 10.-14.maí

Mjólkurfernum var safnað eins og venjulega. Óhrein föt (pissuföt) fóru heim í morgunverðapokum.

Vikurnar 17.-28. maí

Mjólkur fernur skolaðar og safnaðar saman. Duglegar að nota morgunverðapokana.

Vikan 31, maí-4.júni

Klipptum gamalt rísa jóladagatal sem vakti mikla kátínu og dugleg að skola fernur.

Vikan 7.- 11.júní

Skoluðum og söfnuðum saman mjólkurfernum. Klipptum niður fréttablöð og vakti mikla kátínu hvað var í blöðunum.

Vikan 14.- 18.júní

Allir að gera kórónur úr sparisjóðsplakgötum fyrir sumarhátíðina. Þannig að endurvinnsla og endurnýting er sífelld í gangi.

Deildin Mýri

Börnin á Mýri eru 18 mánaða til tveggja ára. Það sem við leggjum áherslu á með þau er að nýta það sem til fellur í föndur, þau eru með í að skola fernur og fara með í endurvinnsluskápinn sem er á ganginum.

Umhverfisfundur með börnum af Hliði

Fyrsti fundur ráðsins var föstudaginn 13.febrúar 2009 í ráðinu eru öll elstu börn leikskólans 24 talsins ásamt starfsfólki deildarinnar. Áætlað er að hafa þessa formlegu fundi 1 sinni í mánuði en þess á milli að gera ýmsa aðra hluti eins og að fara með mjólkurfurnur í grenndargám, týna rusl, búa til pappír, fara í vettvangsferðir og margt annað skemmtilegt sem okkur dettur í hug.

Það sem við lögðum fyrir á fyrsta fundinum var að kanna hvað börnin væru búinn að læra um endurvinnslu af vinnunni hér innann hús og heima. Það sem við gerðum var að leggja fyrir þau spurningar um endurvinnslu og sjá hvað kæmi út úr því, hvað það er sem við þurfum að bæta og fleira. Við ákváðum að velja spurningar um það viðfangsefni sem við höfum verið að vinna með og þær sem voru fyrir valinu voru:

1. Hvað er endurvinnsla?
2. Hvar er endurvinnslan?
3. Hvað gerum við, við mjólkurfurnurnar þegar mjólkinn er búinn?
4. En pappírinn má henda honum í ruslið?
5. Hvað gerum við, við plastflöskur og áldósir?

Svör barnanna voru ýmiskonar og misskrautleg og var greinilegt að börnin voru misvel að sér í þessu en þó voru þau öll með sum atriðin á hreinu eins og hvað við gerum við mjólkurfurnurnar enda er það hluti af því sem við höfum verið að vinna með.

Við byrjuðum að spyrja börnin af því að hvað endurvinnsla? Það komu ýmis skemmtileg svör við því en algengast var þó " þar sem maður fer með ruslið" þau tengdu ekki endurvinnslu við það sem við erum að gera eins og að flokka rusl og fleira heldur við endurvinnslustöðvarnar sjálfar. Í framhaldi af

Þessum svörum þá var bara að spyrja þau næstu spurningar sem var hvar er endurvinnslan og ekki stóð á svari við því þetta vissu þau mjög vel en svarið á "á Íslandi". Næsta spurning tengdist því verkefni sem við höfum verið að vinna að sem er flokkun. Þau voru því með svarið við henni alveg á hreinu, það sem við gerum við mjólkurfurnurnar er að skola þær og setjum þær í kassa og síðan förum við með þær í gáminn (grenndargáminn) eða Denni (handlangarinn okkar) kemur og sækir þær og fer með þær í gáminn. Næst ákváðum við að spyrja þau út í pappírinn hvað gerum við, við hann? Þetta vissu þau að sjálfsögðu þar sem við höfum verið að vinna markvisst með að kenna þeim flokkun á pappír. Og þau vissu alveg hvað átti að fara í hvaða kassa hvíti pappírinn fer efst síðan kemur litaði pappírinn og pappinn fer neðstur. Að lokum spurðum við þau hvað væri gert við plastflöskur og áldósir? En þennan þátt höfum við ekki unnið mikið með hér bara aðeins kynnt það fyrir börnunum en mörg barnanna vissu vel hvað gera átti: "við kremjum þær, teljum og svo setjum við þær í poka og förum svo með þær í Sorpu.

Þá var fundi slitið og allir fóru út að leika.

Við fullorðna fólkið ákváðum að á mæta fundi myndum við kynna börnin fyrir grænfánanum og því verkefni.

03.12.09. Umhverfifundur barna.

Rætt var um hvað það þýddi fyrir okkur að vera "Skóli á grænni grein".

Sjálfbær þróun- hvað þýðir það. Að gefa jafn mikið og við tökum.

Umfjöllun um hvað felst í því að flokka rusl.

Talað um hvað gert væri á Hliði til að framfylgja því sem skólinn væri að gera í heild innan umhverfismenntar.

Það sem gert er:

Mjólkurfernur skolaðar, brotnar saman og þurrkaðar, farið með á hverfisstöð Sorpu.

Verðlaust efni er notað í föndur, það er málað á það

Hugmyndir og tillögur:

Að við gætum endurnýtt meira og hent minna rusli.

Föndrað meira úr umbúðum.

Rætt var um hvað það þýddi fyrir okkur að vera "Skóli á grænni grein".

Hvað grænfáninn stendur fyrir.

Hvað sjálfbær þróun er.

Umfjöllun um hvað felst í því að flokka rusl.

Það sem verið hefur endurnýtt til sköpunar síðan í haust.



Ostabox úr viði notað sem umbúðir fyrir jólagjöf.

Skapað úr efnum frá náttúrunni, eins og að mála steina, skreyta myndverk með laufblöðum og grasi.

Endurvinnsla: farið með fernur í endurvinnslu eftir að þær hafa verið skolaðar inni á deild.

Flöskur og endurvinnsla:

Flíspeysur verða til þegar plast er endurnýtt.

Hugmyndir og tillögur:

Ekki henda rusli sem er óendurvinnanlegt, eða seint endurvinnanlegt.

Umræða um plastefni.

Að flíspeysur séu búnar til úr gosflöskum.

Umræða um pappír.

Að með því að hugsa vel um trén gefa þau okkur ávexti.

Nýta pappírinn sem best svo þurfi ekki að höggva tré, beggja vegna og aftan á ljósritaðan pappír.

Umræða um málma

Að hægt sé að bræða málma niður í t.d. hnífapör.

Sérstök umhverfisfræðsla:

Rannveig matráður sagði frá því endurnýtingarferli sem brauðið sem hún bakar á hverjum degi fer í geng um hér á Holtakoti.

Ef brauðið er ekki borðað, þá ristað á föstudögum. Eftir það er því safnað saman og þurrkað, og búið til úr því rasp.

Umhverfissfundur fullorðna.

Grænfánafundur 13.mars 2009 kl. 10.30

Mættir: Guðný, Auður, Sæa, Fúsi og Kristín Jóna

Fjarverandi: Selma, Rannveig og Ragga.

Fyrsta mál á dagskrá var að fara yfir umhverfissáttmála og endurbæta hann og hljóðar nýi sáttmálinn þannig:

" Leikskólinn Holtakot ætlar að leggja sitt af mörkum til jarðarinnar, það ætlum við að gera með því að tileinka okkur umhverfisvæna starfshætti og kenna börnunum að þekkja og virða umhverfi sitt og að barnið læri að taka ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Auk þess ætlum við að flokka rusl og endurnýta það sem til fellur, nota umhverfisvæn efni og spara orku og vatn."

Einnig var samhljóða samþykkt að Kristín Jóna komi inn í nefndina frá Hliði þar sem Fúsi er kominn á Seylu og er því á þeirra vegum. Okkur fannst líka mjög mikilvægt að hafa manneskju í nefndinni frá elstu deild leikskólans.

Mikið var rætt um að virkja börnin betur og hvernig við gætum gert meira af því og hvaða leiðir við ættum að fara.

Einnig fóru fram miklar umræður um endurvinnslu og voru þær mjög skemmtilegar og gagnlegar. Farið var yfir hvað gengur vel hjá okkur og hvað þurfum við að bæta og fleira.

Fundi slitið 11.00

05.11.2010.

Mættir: Ragnhildur leikskólastjóri, Oddný aðstoðaleikskólastjóri, Anna, Agga og Sæunn deildastjórar, Auður fyrir hönd foreldra. (kl 13.30)

Farið var yfir :

Umhverfissráðið, að setja þessa vinnu á næst elstu börn leikskólans þar sem svo mikil vinna er á elstu börnum leikskólans í sambandi við skólahóp og fleira því tengt.

Farið var yfir stöðuna á grænfánaskýrslunni, nú er verið að setja hana inn í 3 sinn með von um að hlutirnir fari að ganga. Starfsfólk sammála um að þessi vinna er farin að slökkva á áhuga fólks að flagga fánanum, þar sem öll vinnan er til staðar og búin að vera frá upphafi.

Fulltrúi foreldra á ekki til orð yfir þessu, þar sem vinna er búin að vera mikill og hún búin að vera sitja þessa fundi með barn á leikskólanum frá 2008 og sér hvað starfið gengur út á. Henni finnst Grænfánaskýrslan farin að hafa neikvæð áhrif á annað grænfánastarf sem er mjög gott í þessum skóla. Hefur hún viðmið sitt við skóla þar sem hún vinnur og búin er að flagga fánanum nokkrum sinnum og er sjálf mjög „græn“.

Einnig var rætt um að keyra áhugann upp aftur hjá starfsfólkinu og þetta hlyti að koma núna.

Ákveðið að næsti fundur yrði eftir að niðurstöður fást frá Orra Páli.

Fundi slitið kl. 14.30.

Verkefnavinna – sjálfbær þróun

Barnið, leikskólinn og samfélagið flétta öll námssvið leikskólans inn í verkefnið.
Hvernig við getum komið menntun til menntun til sjálfbærra þróunar.

Málrækt:

Örnefni, nöfn, búa til bækur, ljóð og sögur um upplifun.

Hreyfing :

Ganga til allra í heimsókn, vettvangsferðir, hreyfing í sal, hreyfing í íþróttahúsi (skólahópur), gamlir útileikir, hjólað.

Myndlist:

Verðlaust efni, Efniviður úr náttúrunni, útilistaverk, listakrökur opin, vinna úr vettvangsferðum með teikningum.

Tónlist:

Finna hljóðgjafa, hlusta á fuglanna, tónlistarskólinn, tónlistarmenn, spila á hljóðfæri, hlusta á tónlist og syngja.

Náttúra og umhverfi:

Veðurfar fylgjast með því, veðurfræðingar, vettvangsferðir og heimsóknir, skólalóðin okkar og hinna skólanna, fjaran, skoða dýra og fuglalíf á nesinu okkar, hesthúsin.

Menning og samfélag:

Forsetinn, heimsókn á Bessastaði 10. Des ár hvert, foreldrar vinnan þeirra, listarmenn sveitarfélagsins, hestamannafélagið Sóti, Skátafélagið Svanir, Álftanesskóli (samvinna allt skólaárið hjá skólahóp), tónlistarskólinn, Krakkakot, Kennileiti – Grásteinn, Skansinn, Fjörurnar, hermanna turninn.

Kynning:

Hvert barn safnar í möppu myndum, ljóðum , sögum og öllu sem því dettur í hug að skapa.

Opið hús 1. Aðventu og 28 apríl á afmæli leikskólans.

Heimasíða, tölvupóstur, upplýsingar á leikskólatöflu, fréttabréf (stundum), foreldraviðtöl, kynningarfundur nýrra foreldra.